

Laugardaginn 20. júní 1925.

Nr. 22/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Adolph Klietz (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 28. mars 1925: Kærði, Adolph Klietz, á að greiða sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands að upphæð 15250 krónur. Öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir, svo og afli innanborðs í botnvörpungnum Kurland, skal upptækt vera og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í málinu að varðskipið Fylla hitti kærða, á skipi sínu Kurland, innan landhelgislinunnar undan Dyrhólaey hinn 25. mars þ. á. Í lögreglurjettinum gaf kærði þá skýrslu um þetta, að hann hefði kastað botnvörpu kl. 12,15 nefndan dag og stýrt skipinu því næst 1 klst. og 3 stundarfjórðunga NV. t. V. Að því búnu kvaðst hann hafa snúið skipinu og hafi það tekið 20 mínútur og því næst stefnt í SA. t. V. þar til kl. 3,30; þá hafi hann dregið upp vörpuna og stöðvað vjelina vegna þess að við hana hafi þurft að gera. Hafi þá verið stýrt í NV. nálægt einn stundarfjórðung, uns skipið var tekið.

Útaf þessari skýrslu kærða fjekk undirdómarinn varðskipsforingja þann, er mætti í málinu, til að marka á sjókorti hvar skip kærða hefði verið er botnvarpan var dregin upp samkvæmt skýrslu kærða. Kom foringjanum og kærða saman bæði um

stað þann er skipið hafði verið á er það hætti að reka og um að skipið mundi hafa rekið $1\frac{1}{2}$ sjómílu. Með því að ganga út frá þessu og með því að byggja að öðru leyti á skýrslu kærða, komst foringinn að þeirri niðurstöðu að skipið hefði verið $\frac{1}{3}$ úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna er varpan var dregin upp.

Eftir að dómur gekk í hjeraði hefir yfirforingi varðsupsins ásamt öðrum liðsforingja endurskoðað þessa mælingu og áætlun og hafa þeir sýnt á sjókorti er fram hefir komið í hæstarjetti, hvar skipið, samkvæmt skýrslu kærða, muni hafa verið statt er botnvarpan var dregin upp. Hafa þeir komist að sömu niðurstöðu og foringinn hafði komist að í lögreglurjettinum. Þykir með þessu fengin nægileg sönnun fyrir því að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig að sektin verði 15000 krónur, miðað við að krónan samkvæmt skýrslu Landsbankans, jafngildir í dag 68,94 aur. gulls.

Kærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hér í rjetti 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað þó þannig að sektin sje 15000 krónur. Kærði Adolph Klietz greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 80,00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað með skýrslu foringjans á varðskipinu Fylla að kærði var miðvikudaginn 25. þ. m. á skipi sínu Kurland innan landhelgislinunnar með veiðarfæri laus á þilfari og auk þess á þilfarinu allmikið af lifandi þorski. Þessu hefir kærði ekki neit- að en fullyrðir að það hafi ekki verið ætlun sín að fiska í land- helgi og að hafi svo orðið að hann kæmist eitthvað inn fyrir línuna þá hafi það orðið sjer óafvitandi. Að hann komst svo langt innfyrir landhelgislinuna (2 sjómílar) kveður hann að kenna því, að það hafi orðið að gera við vjelina eftir að varpan var dregin upp og að skipið hafi á meðan rekið nær landi. Má telja upplýst í málinu að svo hafi verið. En enda þótt gengið sje útfrá þessu og skýrslum kærða, virðast mælingar byggðar á þeim bera með sjer að kærði hafi hlotið að draga vörpuna eitthvað innan landhelgi ummræddan dag, sem það líka bendir til að lif- andi þorskur var allmikill á þilfarinu, og sem því má gera ráð fyrir að hafi veiðst kringum klukkustund áður og kemur heim við það sem kærði ber.

Líkurnar fyrir því að kærði hafi brotið gegn 1. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5, 1920, þykja því nægar til þess að telja að svo hafi verið. Og þar sem hjer er um brot í fyrsta sinn að ræða álist refsingin hæfileg 15250 krónur í sekt. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpunum vera upptækt. Enn- fremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.
